

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Ásu Guðmundsdóttur Wright, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 1. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Ásu Guðmundsdóttur Wright.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright og er stofnaður hinn 1. desember 1968 með \$20 000 (tuttugu þúsund Bandaríkjadala) framlagi til minningar um eftirtalda ættingja og venzlamenn:

Foreldrar: Arndís Jónsdóttir, Péturssonar háyfirdómara (1857—1936). Guðmundur Guðmundsson, læknir (1853—1946), grafinn í La Peyreuse, Port of Spain.

Eiginmaður: Henry Newcome Wright, lögmaður LLD., London, FRGS. FLE., FRAS (1884—1955), grafinn í La Peyreuse, Port of Spain.

Systkini:

Sturla Guðmundsson, cand phil. (1883—1910). Þóra Guðmundsdóttir Hermannsson (1888—1918). Sigprúður Guðmundsdóttir (1884—1905).

Móðursystir og eiginmaður hennar:

Þóra Jónsdóttir (1858—1947). Jón Magnússon, forsætisráðherra (1859—1926).

Móðurbræður:

Friðrik Jónsson, cand theol. (1860—1938). Sturla Jónsson, kaupmaður (1861—1947).

2. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlu Vísindafélags Íslendinga (Societas Scientiarum Islandica). Hann skal ávaxta þannig, að fylgt sé hagkvæmstu skilmálum og fjárhagsástæðum hvers tíma.

3. gr.

Höfuðsól sjóðsins má aldrei skerða. Vexti skal flytja til Íslands eftir þörfum. Vextir sjóðsins skulu standa undir fjárveitingum og viðurkenningargjöfum til Íslendinga, sem unnið hafa veigamikið vísindalegt afrek á Íslandi eða fyrir Ísland.

4. gr.

Að tilmælum gefanda skal stjórn sjóðsins skipuð þremur mönnum. — Dr. Kristjáni Eldjárn, Dr. Jóhannesi Nordal og Dr. Sturlu Friðrikssyni. Skulu þeir vera í sjóðstjórn eins lengi og þeir óska þess eða þeirra nýtur við. Að þeim tíma liðum skal á aðalfundi Vísindafélags Íslendinga kjósa í sjóðstjórn í þeirra stað til fjögurra ára í senn. Dr. Sturla Friðriksson er formaður sjóðsins. Eftirmaður hans sem formaður sjóðstjórnar skal vera kjörinn úr hópi ættmenna Ástu Guðmundsdóttur Wright, ef og þegar vól er á hæfum ættmanni, en aðrir í sjóðstjórn skulu valdir úr hópi meðlima Vísindafélagsins, þannig að annar sé úr raunvísindum en hinn úr lögfræði.

5. gr.

Stjórn sjóðsins fjallar um öll málefni sjóðsins, ræður útnefningu á verðlaunabæjum og annast umsýslu og annað, er sjóðinn varðar. Stjórnin getur tilnefnt

verðlaunanefnd eða ráðgjafanefnd í hverju efni er henni sýnist, en þær nefndir skulu ekki hafa atkvæðisrétt. Stjórnin ein ákveður val verðlaunaþega og upphæð verðlauna.

6. gr.

Verðlaunaveiting fer fram við opinbera athöfn, þar sem einnig skal skýra skilmerkilega frá ástæðu verðlaunaveitingar. Skal sú skýrsla prentuð í ritum félagsins og þess jafnframt getið í hverra minningu verðlaunin eru veitt. Stjórnarmeðlimir og nefndarmenn geta ekki orðið aðnjótandi verðlaunanna.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Vísindafélags Íslendinga.

Hafi stjórn sjóðsins eitthvert ár ekki kveðið val á hæfum verðlaunaþega, skal bæta þeim vöxtum, sem annars hefðu farið til veitingar, við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

(Að samþykktum breytingum þann 21. 10. 1968.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður íslenzkrar alþýðu um Sigfús Sigurhjartarson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að reisa og reka samkomuhús og starfsmiðstöð fyrir íslenska alþýðu og flokk hennar, Sameiningarflokk alþýðu — Sósíalistaflokkinn eða hvern þann sósíalistiskan fjöldaflokk, sem tekur við hlutverki hans að dómi sjóðstjórnar, eða að vinna að framgangi sósíalismans á Íslandi á annan hátt.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

Eignum hans og tekjum skal varið samkvæmt 2. gr.

Eignir hans má ekki skerða.

Sjóðurinn er stofnaður fyrir frumkvæði Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og aðrar gjafir, arður af sölu minningarspjalda, sem hann gefur út, svo og aðrar tekjur, sem honum kunna að berast.